

GeoTækni ehf.
Dverghólmum 28
800 Selfoss

Akureyri, 27. ágúst 2020
UST202001-325/B.J.
11.16

Leyfi til innflutnings á ánamöðkum

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar GeoTækni ehf. um leyfi til innflutnings á 1.000.000 ánamöðkum/haugánum af tegundinni *Eisenia fedita* dags. 17. janúar 2020 til að nýta í eftirvinnslu á moltu til að breyta henni í lífrænan áburð. Sótt er um leyfið í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umsókninni fylgdi áhættumat sem umsækjandi aflaði í samræmi við 2. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga Niðurstaða áhættumatsins er að ólíklegt sé að tegundin geti haft í för með sér neikvæð áhrif á vistkerfið.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganeftnar um framandi lífverur vegna umsóknarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé mikil hætta á því að innflutningurinn muni ógna villtum vistkerfum á Íslandi og telur nefndin því ekki ástæðu til að leggjast gegn því að tegundin verði flutt inn. Í umsögninni var lögð áhersla á að öll lögformleg skilyrði verði uppfyllt.

Með hliðsjón af umsókninni, áhættumatinu og umsögn sérfræðinganeftnarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Fyrirhuguð moltugerð mun fara fram í upphituðu húsnæði, með steypum gólfum og því litlar líkur á slysasleppingum miðað við þá afmörkun sem umsækjandi setur eldinu.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á 1.000.000 ánamöðkum til notkunar við moltugerð í aðstöðu GeoTækni ehf. Umhverfisstofnun telur við hæfi að ítreka að innflytjandi skal í einu og öllu fylgja þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Athylgi er vakin á því að jafnframt getur þurft að sækja um innflutningsleyfi í samræmi við ákvæði laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga er leyfið bundið eftirtoldum skilyrðum í því skyni að draga úr hætti á því að innflutningurinn eða dreifingin hafi áhrif á lífríkið.

- Komi til förgunar á dýrunum, þá falla ánamaðkar í 1. flokk sem, sbr. 8. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, og skulu þeir fara í brennslu sbr. 12. gr. reglugerðarinnar.
- Verði vart við að tegundin nái hér fótfestu eða hafi óæskileg áhrif á líffræðilega fjölbreytni skal fyrirtækið tilkynna Umhverfisstofnun um það án tafar.

Virðingarfyllst



Bjarni Jónasson
sérfræðingur



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri